

Þriðjudaginn 4. nóvember 1986.

Nr. 131/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðna Eliassyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Nauðgun. Brot gegn 200. gr. alm. hegningarlaga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að sannað sé að ákærði hafi þröngvað X til samfara með ofbeldi. Var um fullframið brot að ræða er varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. X var á 14. aldursári. Ákærði hefur borið því við að hann hafi ætlað hana eldri, en samkvæmt eindregnum framburði stúlkunnar um það að hún hafi margsinnis sagt ákærða hver aldur hennar væri og með hliðsjón af því sem fram er komið um kynni ákærða af henni og fjölskyldu hennar, verður að telja sannað að ákærða hafi eigi dulist aldur X. Verður ákærða því einnig refsað samkvæmt 1. mgr. 200. gr. hegningarlaga.

Í héraðsdómi er eigi gerð grein fyrir fyrri brotum ákærða. Á árinu 1979 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið. Þá hafði hann sjö sinnum sæst á greiðslu sekta og fjórum sinnum sætt refsíðmi, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot. Meðal mála þessara er sekt sem ákærði sættist á 29. desember 1983 og dómur 13. júlí 1984 (3 mánaða varðhald). Refsingi ákærða ber því að meta með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, svo og 77. grein sömu laga. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Krafist hefur verið staðfestingar á bótaákvæði héraðsdóms og af

hálfu ákærða er lýst yfir því að því sé ekki mótmælt ef til sakfellingisdóms komi. Samkvæmt þessu verður bótaákvæðið staðfest.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs og málsvarnarlaun verjanda síns, er ákveðin verða í einu lagi fyrir báðum dómum, svo sem nánar greinir í dómorði.

Það athugast að héraðsdómari gætti eigi reglu 1. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974 er kona ákærða kom fyrir dóm við meðferð málsins. Þá var það og andstætt 2. mgr. 102. gr. sömu laga að dómari hóf skýrslutöku af vitninu X með því að lesa fyrir henni skýrslu hennar fyrir lögreglu í stað þess að yfirheyra hana sjálfstætt um sakarefnið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er staðfest.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir báðum dómum, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur samtals fyrir báðum dómum.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 24. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. janúar 1986 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dags. 2. apríl 1985 á hendur Guðna Elíassyni, Hólavangi 18, Hellu, fæddum 30. janúar 1961 í Reykjavík fyrir að hafa aðfararnótt laugardagsins 29. október 1983, með ofbeldi þröngvað stúlkunni X, fæddri 21. febrúar 1970, til holdlegs samræðis á heimili ákærða, Hólavangi 18, Hellu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir að um kl. 06:20 laugardaginn 29. október 1983 hringdi A, Hellu, heim til Árna Ólafssonar, lögreglumanns og kvaðst vera að kæra nauðgun á systur sinni sem hún ekki nafngreindi og taldi af völdum Guðna Elíassonar, Hólavangi 18, Hellu, ákærða í máli þessu. Aðspurð kvaðst hún ekki óska aðstoðar lögreglu á staðinn. Klukkan 12:35 sama dag

hringdi Arnór Egilsson, héraðslæknir á Hellu, til lögreglunnar og bað um að hún kannaði mál er varðaði stúlku sem væri á stofu hjá sér. Lögreglan fór þegar á staðinn. Á heilsugæslustöðinni hitti hún fyrir lækinn sem taldi að líkamsárás hefði verið gerð á 13 ára stúlku, X, en hún hefði komið á stofu til sín og væri hann búinn að skoða hana og væri vottorð hans til reiðu.

Í samráði við fulltrúa sýslumanns var Rannsóknarlögreglu ríkisins falið málið til frekari rannsókna. Tekin var skýrsla af föður stúlkunnar, B, þar sem hann lagði fram formlega kæru. Var ákærði síðan handtekinn. Var fyrst farið með hann til læknis á Hellu sem tók hjá honum blóð- og þvag-sýni og var hann síðan færður rannsóknarlögreglunni.

Kærandi X, f. 21.02. 1970, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu að hún hefði verið fengin til að passa börn hjá konu ákærða. Hún hefði komið fimm mínútur fyrir átta en þá hefði konan verið farin. Ákærði hefði verið þar og gætt barnanna. Hún kveðst síðan hafa vaknað við að ákærði kom heim, að hún heldur um kl. 03:00. Hefði hann fyrst farið í eldhúsið og poppað. Hann hefði síðan komið í stofuna en hún kvaðst hafa sofði í sófa í stofunni. Hefðu þau hjálpast að við að koma segulbandi í gang. Hann hefði síðan blandað sér í glas. Hefði hann síðan boðið sér og hefði hún það það en beðið bara um pínulítið. Hún kveðst hafa séð þegar hann blandaði og hefði hann látið í stórt glas 1/3 af landa og 1/3 af kóki. Hún kveðst hafa drukkið þetta u.þ.b. helminginn á um 15 - 20 mínútum. Hefði hún fundið litlilega breytingu á sér. Hún kveðst síðan hafa farið að ræða um að fara heim u.þ.b. hálf tíma eftir að ákærði kom heim. Hann hefði þá sest hjá henni og farið að kyssa hana á munninn og hálsinn. Hún kveðst hafa kysst hann á móti og sagt síðan að hún væri farin heim. Ákærði hefði þá ekki viljað hleypta henni heim. Hún kveðst hafa verið í stólnum þegar hann var að kyssa hana. Hún hefði síðan ætlað út en þá hefði ákærði farið að dyrum útidyrangangsins, staðið þar fyrir og ekki hleypt sér út. Strax í stólnum, þegar ákærði hefði byrjað að kyssa hana, hefði hún spurt hann að því hvort hann vissi hvað hún væri gömul. Hann hefði svarað því til að hún væri 14 - 15 ára. Hún kveðst þá hafa sagt honum að hún væri bara 13 ára en hann hefði þá bara svarað: „Nei, þú ert 14 - 15 ára“. Hún kveðst hafa margsagt honum að hún væri bara 13 ára.

Hann hefði síðan sest í annan stól og gripið sig í fangið. Hefðu þau veltst um á gólfinu en síðan hefði hún sloppið frá honum og hlaupið að útidyranginum og hefði hún ekki einu sinni komist að þeim. Hann hefði stillt sér upp fyrir dyrnar. Þegar þau hefðu verið að veltast um á gólfinu hefði hann líklega tekið tittlinginn út um buxnaklaufina því þegar hann stillti sér upp fyrir dyrunum hefði hann verið með hann þannig í síðbuxnum en með hann úti um klaufina niðurrennda.

Hún kveðst síðan ekki muna fullkomlega hvað skeði næst en þau hefðu verið að veltast á gólfinu. Þá hefði hann rifið hana úr báðum buxunum. Hún kveðst hafa náð að taka báðar buxurnar og hlaupa með þær inn á klósett og læsa. Áður hefði hún verið að kljást við hann í sófanum. Hún kveður hann aldrei hafa slegið sig en haldið fantalega utan um hendurnar á sér og kysst sig hranalega. Klósettinu hefði verið læst með litlum titti sem skotið væri til hliðar og hefði ákærði brotið upp hurðina án mikilla átaka. Þegar hann hefði brotið þær upp hefði hún ekki náð að klæða sig í buxurnar en hann hefði brotið þær upp um leið og hún læsti þeim. Hann hefði virst vera orðinn reiður og sagt: „Ef þú ert óþekk, þá verð ég reiður og meiði þig.“ Hann hefði sagt þetta oft seinna um kvöldið. Hann hefði tekið sig fram af klósettinu og þau farið í sófann. Þar hefði hann klætt sig úr öllu nema sokkunum og sig úr peysunum, þannig að hún hefði líka bara verið í sokkunum. Um leið og þau hefðu verið komin í sófann hefði hann látið puttana í kynfærin á sér. Hún kveðst hafa sagt honum að hún væri hrein mey. Hún kveðst alltaf hafa reynt að tala um fyrir honum, en hann hefði ekkert hlustað á það og hóttað sér að vera vondur við sig og meiða sig ef hún léti svona illa og væri ekki kyrr. Hann hefði legið ofan á sér í um 15 mínútur og reynt að koma tippinu inn í sig en það ekki tekist. Eitt barnanna hefði þá vaknað og farið að gráta. Hann hefði þá leyft sér að komast inn í svefnherbergi og hefði hún hlaupið þangað ber. Hefði hún tekið barnið og huggað það. Hún hefði síðan sinnt börnunum en ákærði hefði verið á vappi við svefnherbergið og spurt í sífellu hvort hún væri ekki að verða búin að þessu. Hann hefði síðan skipað sér að láta krakkana vera, þau myndu sofna ef þau væru látin vera. Hún kveðst muna allt mjög skýrt eftir að þau komu í sófann. Þar hefði hann yfirleitt legið ofan á sér og látið lappirnar á sér á milli lappanna á henni. Þegar hún hefði komið fram frá því að hugga börnin hefði hún sest í stólinn. Hann hefði þá strax byrjað að kyssa sig og sjúga brjóstin á sér. Hún kveðst síðan hafa beðið um að fá að fara á klósettið til að pissa, en þá hefði hún verið að reyna að komast undan honum. Hefði hann fylgt henni og hún ekki fengið að loka hurðinni alveg og hann verið að kíkja á milli. Hún hefði síðan setið á klósettinu og verið að reyna að hugsa. Hann hefði þá komið inn og sest klovvega ofan á sig. Hefði hann síðan farið að kyssa sig á hálsinn. Hefði hann misst við þetta glæraugun og sagt sér að ná í þau. Hún kveðst hafa sagt honum að hann yrði að fara fram á meðan og hefði hann gert það en síðan ekki gefið sér neinn tíma til að leita að þeim. Hann hefði síðan farið með sig aftur í sófann og þar reynt í mjög langan tíma að koma tippinu í sig. Hún kveðst halda að tippið á honum hefði verið lint að einhverju leyti en hann hefði verið mjög fullur. Hann hefði viljað að hún sygi tippið á sér en hann hefði oft beðið um það en hún neitað alltaf.

Hún kveðst hafa marghótað honum að kæra hann en hann hefði ekkert látið það fá á sig. Hún kveðst hafa fundið u.þ.b. 10 sinnum að hann var kominn með tippið nærri inn í kynfærin á sér. Hún hefði þá fundið mikinn sársauka en misjafnlega mikinn og stundum rétt fundið það. Hún kveðst vera viss um að honum hefði ekki tekist alveg að hafa mök við sig en hún hefði alltaf streist á móti og svo hefði hann verið mjög drukinn og hefði verið að drepast í restina, alla vega hefði hann sofnað út frá þessu fyrir rest. Hún kveðst þá hafa getað fært sig undan honum og komist út á gólf. Hún kveðst síðan hafa klætt sig og flýtt sér heim. Fyrir dómi staðfesti X skýrslu þá er hún gaf hjá lögreglu. Hún kvað ákærða hafa margsinnis reynt að hafa mök við sig. Hún kvað ákærða ekki hafa tekist að hafa samfarir við sig en honum hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum aðeins inn og hefði hann þá verið með samfarahreyfingar. Hún kvað það öruggt að það hefði verið oftast en einu sinni sem honum hefði tekist það.

Ákærði skýrði svo frá hjá lögreglu 29. október 1983 að hann hafi gefið stúlkunni ca tvöfaldan Smirnoff í glas og kvaðst halda að hún hefði drukkið það allt. Þegar þau hefðu verið komin inn í stofu hefðu þau farið að ræða saman og hefði hún setið á stól. Hefði hann fært sig til hennar og farið að eiga við hana en hann kvaðst ekki muna hvernig en hún hefði verið því mjög mótfallin. Hann kvaðst muna eftir því að hún hefði lokað sig inn á salerni en ekki hvort hún hefði læst á eftir sér, en hann hefði opnað og farið inn á eftir henni. Hann kvaðst ekki muna hvað gerðist inni á salerninu þar sem hann var orðinn nokkuð ölvaður. Hann kvaðst muna eftir því að hafa fært stúlkuna úr öllum fötum og hefði það verið inni í stofu í sófanum. Hann kvaðst hafa verið frekur á því þegar hann færði hana úr fötunum. Hann kvað tilgang sinn með því hafa verið að hafa samfarir við stúlkuna en hún hafi verið því mótfallin. Hann kveðst minnst þess að stúlkan hafi farið inn í svefnherbergi til að sinna börnunum og kvaðst hann hafa farið á eftir henni. Hann kvaðst ekki minnst þess að hún hefði sagt sér að hún væri 13 ára og talið að hún væri eldri en það. Hann kvað að sér hefði ekki tekist að hafa fullkomnar samfarir við stúlkuna en hann hefði fundið fyrir meyrjafti hennar a.m.k. einu sinni, þegar honum hefði tekist að koma lim sínum inn í kynfæri hennar en hann kveðst ekki muna hvort hún hefði kveinkað sér. Hann kvaðst ekki telja að hann hefði rofið meyrjaft hennar. Hann kvaðst telja að hann hafi lagst ofan á stúlkuna þegar hann var að reyna mök við hana þarna í sófanum en hún hefði legið á bakinu og hann ofan á henni.

Ákærði kom fyrir dóm 27. september 1985 og staðfesti þá skýrslu sína hjá lögreglu sem rétta. Ákærði kvaðst þá hafa farið að reyna við stúlkuna eftir að hún var komin úr fötunum en hann kvaðst þá ekki muna hvort hann hefði hjálpað henni úr þeim en hann kvaðst halda að þetta hafi verið

gegn hennar vilja og hafi hann gert sér grein fyrir því. Ákærði kvað möguleika á því að hann hafi reynt að hafa samfarir við stúlkuna og hafi stúlkan verið mjög mótfallin þeim tilraunum hans.

Vitnið A..., kvað systur sína X hafa verið í „sjokki“, grátið og ekki komið upp orði er hún kom heim um nóttina, en klukkan hefði þá verið um hálfsex til sex. Hún kvað ákærða hafa komið inn á heimili X og verið góður vinur bróður þeirra og vera viss um að hann þekkti alla fjölskyldu-meðlimi.

Vitnið, Sigrún Brynja Kristjánsdóttir, Gnoðarvogi 48, Reykjavík, skýrði svo frá hjá lögreglu að hún hefði fengið X. til að passa um nóttina. Hún kvaðst hafa tekið eftir því morguninn eftir að renniloka á salernishurð hefði verið brotin upp og við það hefðu tvær skrúfur losnað en hún er fest með fjórum skrúfum. Framburð þennan staðfesti vitnið fyrir dómi. Hún kvað ákærða hafa komið til vinkonu sinnar og sín um kl. 03:00 um nóttina og hefði hann þá verið að fara heim og hefði hún sagt honum að senda barnfóstruna heim.

Faðir stúlkunnar X lagði fram skaðabótakröfu kr. 20.000,00 og kvaðst ákærði tilbúinn að greiða hana ef hann yrði sakfelldur. Í skýrslu heilsugæslulæknisins, Arnórs Egilssonar, sem skoðaði X laugardaginn 29. október 1983, kl. 11:45 segir svo: „Við skoðun koma ljós sogblettir víða, vinstra megin á hálsi, á hægri öxl, ofan til á vinstra brjósti, eftir „sogkossa“. Marblettir á hægri olnboga (eins og eftir handargrip), marblettir á vinstri olnboga. Marblettur á hægri hné.

Við skoðun á kynfærum er Hymen nánast órofið, þó minniháttar rifur í því, engin blæðing. Vagina er mjög þröng. Sýni úr vagina er tekið og skoðað í smásjá og reyndist vera um að ræða flöguþekjufrumur og rauð blóðkorn eingöngu. Ekki tekst að sýna fram á sæðisfrumur. Ólíklegt verður að teljast að karlmanni hafi tekist að koma fram vilja sínum á X nema ef vera kynni með mikilli nærgætni af útliti kynfæra að dæma.“

Verjandi ákærða krafðist þess að ákærði yrði sýknaður en til vara að hann yrði dæmdur til vægustu refsingar og að dómur yrði skilorðsbundinn. Hann krafðist einnig málsvarnarlauna að mati réttarins.

Ámælisverður er sá dráttur sem orðið hefur á máli þessu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins en málið virtist liggja þar á annað ár án nokkurrar sýnilegrar ástæðu.

Niðurstaða:

Framburður stúlkunnar X er skýr og greinargóður, þar sem hún lýsir hjá lögreglu 29. október 1983 öllum atburðum m.a. að ákærði hafi gefið henni áfengi, síðan meinað henni að fara heim til sín, rífið hana úr fötunum og síðan reynt að koma fram vilja sínum. Þá hafi hann m.a. elt hana inn

í svefnherbergi og inn á salerni og brotið þar m.a. upp dyrnar. Ennfremur hafi hann haft í hótunum við hana ef hún væri „óþekk“.

Ákærði skýrði svo frá að hann myndi eftir því að hafa fært stúlkuna úr öllum fötum og þá verið frekur á því. Tilgangur hans hefði verið sá að hafa samfarir við stúlkuna en hún hefði verið því mótfallin. Hann kvaðst ekki hafa haft fullkomnar samfarir við stúlkuna en fundið fyrir meyarhafti hennar að minnsta kosti einu sinni. X skýrði ennfremur svo frá að ákærða hefði tekist að stinga getnaðarlim sínum aðeins inn og hafi hann þá verið með „samfarahreyfingar“. Hún kvað það öruggt að það hafi verið oftast en einu sinni sem honum hefði tekist það.

Með vísan til þessa sem og læknisvottorðs, framburði vitna og annarra gagna málsins þykir sannað að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stúlkan X var þrettán ára að aldri og kvaðst hún hafa margsagt ákærða frá því en hann hefði mótmælt því. Fyrir dómi 19. desember 1985 kvaðst ákærði hafa þekkt allt heimilisfólk á heimili X ágætlega en hann kvaðst ekki hafa þekkt X um nóttina.

Telja verður að verknaður ákærða eigi einnig undir 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákæruskjali, með vísan til skýrs og ákveðins framburðar stúlkunnar um þetta efni enda þótt svo kunni að vera að ákærði hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því hver stúlkan var eða aldri hennar í því vímuástandi er hann var í umrætt sinn.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár.

Ennfremur ber ákærða að greiða B vegna X í skaðabætur kr. 20.000,00.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni í málsvarnarlaun kr. 30.000,00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun kr. 30.000,-.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi í 3 ár. Ákærði greiði B vegna X í skaðabætur kr. 20.000,-.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni, hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000,00. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 30.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.